



Heimur ævintýrisins. Dularfullt skip kemur að landi. Myndin er um 3 metrar á breidd og hangir í Öldutúnsskóla.

„Í Krýsuvík næst ekki í mig. Verði innbrot eða útbrot, þá verða þeir bara að ná í aðra Sérlokka.“

Framhald af bls. 9

„Verkin eru losaraleg og verka ekki sannfærandi. Teikning í sjálfum verkunum er af skornum skammti og ekki til fyrirmyndar ... Það er ekki ánægjulegt að þurfa að skrifa þannig um sýningu.“

Og hérna hef ég eitthvað meira í svipuðum dúr. Tólf árum síðar er ég enn með afleitir myndir á ferðinni og von að Elisabetu Gunnarsdóttur blöskri. Hún skrifar þá í Vísi: „Það er venja að telja listamenn efnilega allt fram í elli-dauðann og á slíkt vel við um Svein Björnsson ... Akveðið takmark virðist viðsjarri. Urvinnsla hugmynda og gagnrýnin vinnubrögð skortir tilfínna-lega.“

— Já, mikið er að heyra, hvað þetta hefur verið slæmt hjá þér Sveinn og merkilegt að þú skyldir ekki gagna.

— Svona ummæli breyta nákvæmlega engu hvað mig snertir. Eg fékk líka ágæta uppörvun frá mönnum eins og Gunnlaugi Scheving og Jóni Engilberts, sem báðir urðu góðvinir mínir. Og eitt sinn keypti Kjarval af mér tvær myndir á sýningu. Reyndar kvæðst hann ekki eiga neina peninga til þess að greiða fyrir þær. Hann sagði að þeir mundu koma seinna. Og við það stóð hann. —

Það er athyglisvert, að Sveinn Björnsson hefur fengið miklu lofsamlegri dóma hjá dönskum gagnrýndum, þegar hann hefur sýnt þar í landi. Svavar Guðnason spurði eitt sinn í viðtali, þegar talið barst að fræðgarleysi íslenskra málara utan landsteinanna: „Hvar eru sauðalitirnir?“

Svavar hittir naglann á höfuðið með þessari spurningu. Í sýningaflóðinu erlendis hafa menn ekki minnsta áhuga á útpýningum á

Vasarely eða einhverju, sem búið er að jagast á í áratugi. Þeir vilja sjá íslenskar myndir frá Íslandi, svip landsins og sauðalitina. Og kannski er það einmitt þetta, sem þeir hafa séð hjá Sveini. Jan Ziebrandtsen skrifaði árið 1965 í *Berlingske Tidende*: „Sveinn Björnsson er gæddur eigin ósvikum hæfileikum, það er líf í litum hans og þeir eru þrungnir viðkvæmni og ofsa; þeir hafa gert sáttmála við hina furðulegu og stórbrotnu náttúru Íslands.“

Tveimur árum áður hafði Ziebrandtsen raunar sagt í sama blaði: „A sýningu þessari verður maður fyrir mestum áhrifum af málverkum Sveins Björnssonar.“

— Þú kannt best við að fást við stórar myndir.

— Já, ég vil hafa svigrúm og sveiflu í myndinni.

— En hvað er erfiðast?

— Að byrja mynd á hvítu, ósnortnu lérefti.

— En hugmyndirnar og fantasíurnar láta ekki á sér standa?

— Nei, nóg af þeim. Þegar ég var í götulögrelunni, hafði ég með mér teiknipappír í bókarmoti og teiknaði þegar lítið var að gera. En í sérlokkinu er það ekki hægt — það er of mikið af þjófum til þess.

Eg verð samt ekki uppskröppa með hugmyndir og fær þær oft úr bókum, til dæmis þjóðsögum og bók eins og Kristnihaldi undir Jökli. Eg hef gert myndir um Jón Primus og Úu; mér fannst svo stórkostlegt, að Úa skyldi breytast í fisk. Mér fannst líka tunglferðirnar mikið ævintýri og gerði margar myndir um þær. Annars þarf ekki neitt slíkt til; myndefnið er allt í kringum mann, í lífi fólksins. Hérna er ég til dæmis með einskonar eftirmæli um konu. Í stað þess



Í vinnustofunni í Krýsuvík var Sveinn að glíma við stóra mynd af línuveiðum og byggir þar á gömlum minningum. Gömul og virðuleg húsgögn úr þú Júlíönu Sveinsdóttur prýða húsið. Að neðan: Ein af stóru vatnslitamyndunum, sem Sveinn sýndi síðast í Norræna húsinu.



að skrifa í blöðin, málaði ég þessa mynd.

Sveinn hefur með einhverju móti tekizt að varðveita í sér barnið; þetta upprunalega, sem venjulega fer forgöðrum þegar á fyrriparti ævinnar. Sum viðfangs-efni Sveins minna á barnateikningar, þar sem ævintýrið ríkir ofar hverri kröfu. Hann hefur ekkert á móti því að myndin segi sögu, en gætir þess umfram allt, að málverkið sjálft fái að ráða ferðinni.

Ævintýri, stundum blandað dulúð, blasir við hvert sem lítið er á vinnustofum Sveins: Álnarbreið andlit með geislabaug, furðuleg skip með konubróst og andlit og undarlegir fuglar, sem virðast svo þungir, að líklega ættu þeir að detta til jarðar eins og steinar. En þeir eru jafn skemmtilegir fyrir því.

— Ferjan sú arna — er það Karon, sem ferjar sálinnar yfir Dauðafljótið?

— Það gæti vitanlega verið, en þessi mynd er máluð undir áhrifum frá negrasálmi, sem ég heyrði Louis Armstrong oft spila og heitir Gullvagninn eða eitthvað svoleiðis. Þessi gullvagn átti að flytja þá dauðu til guðs, en ég hef leyft mér að breyta vagninum í skip.

— En hvað er orðið um köngulóarvefina, sem sáust svo oft hjá þér fyrir fáeinum árum?

— Eg hvíli mig á þeim í bili.

— Voru þeir táknrænir?

— Bæði og. Þeir voru ták fyrir refsháttinn og þennan mikla allsherjar köngulóarvef, sem lífið er. En köngulóarvefur minnir líka á net, sem sjómanni er alltaf hugstætt og þar að auki fannst mér köngulóarvefurinn fara vel í mynd.

Sveinn var ekki fyrr búinn að koma þaki á húsið en hann fór að hugleiða að komast utan til náms. Hann sendi nokkrar teikningar til Akademíans í Höfn ásamt með umsókn. Hann hafði gert þessar teikningar til sjós og þeir tóku þær gildar. Vorið 1956 hélt Sveinn stóra sýningu í Listamannaskálanum við Austurvöll og seldi fjölda margar myndir. Þar með var búið að skapa fjárhagslegan grundvöll fyrir námsferðinni.

Þau hjónin fóru utan um haustið með tvo syni sína kornunga og tóku íbúð á leigu í Kaupmannahöfn. Það er að vísu erfitt að hugsa sér Svein í dálítið steinrunninni stofnun eins og danska Akademíinu. Hann var staðráðinn í að halda sínu striki og halda áfram að mála með grófu taki eins og hann hafði gert. En var þá nokkuð unnið við þetta nám. Jú, Sveinn telur, að vistin á Akademíunu hafi þrátt fyrir allt ekki verið út í bláinn; hann lærði að teikna, var látinn jagast á módelum og hafði gott af því. En námsdvölin varð ekki lengri en þessi eini vetur. Um vorið fór Sveinn með fjölskyldu sinni allar götur suður til Rómar og kom blankur heim. Hann var þá kominn í lögregluna og alveg hættur á sjónum. En 1967 var hann skráður í hinar virðulegu raðir rannsóknarlögreglunnar; þá byrjaði sérlokkid.

— En þú segir það nú ekki satt Sveinn, að þú vitir ekki hvað margar sýningar þú hefur haldið?

— Nei, auðvitað ekki, það er hægt að rifja það upp. Ætli það

Framhald á bls. 16